



Ræða um Sjálfstæðisflokkinn og kosningar,
ein ræða frá 1966 aðrar ódagsettar.
2. Hluti af 2.

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál – Ræður – Sjálfstæðisflokkurinn – Kosningar - 1966

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Ræður
Askja 4-4, Örk 5

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sönnunargögnin, sem lögð hafa verið fyrir kjósendur að þessu sinni, svo að þeir gætu betur kveðið upp réttan dóm um stefnur stjórnmálanna, eru eins og gengur, harla misjöfn að gæðum.

Hermann Jónasson byggði mál sitt mjög á ummælum Svavars Guðmundssonar bankastjóra á Akureyri. Málshátturinn segir, að um þá dauðu skuli ekkert segja annað en gott. Eg skal því ekki tala um skrif Svavars Guðmundssonar. Hann dó stjórnmáladaða s.l. laugardag, begar hann gaf út dreifibréf með bríglum til Stefáns Stefánssonar frá Fágarskógi um sjúkleika hans.

Íslendingar hlífa að vísu ekki hver öðrum í stjórnmálaumræðum, en þarna var farið of langt. Óskiljanleg heipt hefur leitt annars mætan mann út á villigötur svo, að ekki verður framar tekið mark á honum.

Eyfirðingar munu fylkja sér því fastar um frambjóðendur Sjálfstæðisfloksins, sem ódrengilegar er að þeim ~~XX~~ vegið.

Ef Hermann Jónasson lætur sér jafn annt um heilbirgða verzlunarháttu og hann þykist, hvernig stendur þá á því, að hann skuli ekki hafa ~~vist~~, að á síðastliðnum vetri og vori var fóðurvara sold á Ströndum 16-17% hærra en löglegt er, ef miðað við innflutningsverð heildsala á þessari vöru. Kemur sú þögn e.t.v. af því, að þeir sem selldu þessa dýru vöru,

voru ekki ~~XXX~~ heildsalar heldur kaupfélög.

Petta dæmi sannar betur en ~~fleist annað~~^{en ólli að hafa} að ~~kaupfélagaverzlnun~~^{ein daga ekki} Samkeppnin ein getur tryggt heilbrigða verzlunarhætti.

Ur því að Hermann Jónasson ^{heldur} gaman af að vitna í kosningapésa, hvort heldur hann þá að þekki betur til Svavar Guðmundsson í Sjálfstæðisflokknum eða Jónas Jónesson í Framsóknarflokknum? Hér er aðeins ein glefsa úr síðustu lýsingu Jónasar Jónssonar á núverandi formanni Framsóknarflokksins.

"Sama hugsunarleysið kom gagnvart Strandasýslu. Hann sagði af sér kraftasögur í kjördæminu, tók í axlir stuðningemanna sinna og ^{hristi} þrysti þá góðlátlega, en létt sig lítið skipta hag sýslunnar. Í huga hans rann saman kjördæmið, laxveiðar í Grímsá, verzlán með bíla og aflvélar, þátttaka í hverskonar arðvænlegum hlutafélögum, en efst upp á hans andlega pyramíða bjó tálvonin um hinn ^{þa} postulega stól."

Bjarni Ásgeirsson skýrði frá því, að knýja hefði orðið ríkisstjórnina til að samþykkja innflutning á hinum miklu ræktunarvélum.

Eg varð ekki í ríkisstjórninn var ~~við~~
~~neina~~^{nar} nauðung ^{en} af hans hálfu í þessu efni.
Eið sjálfstæðisráðherrarnir greiddum atkvæði með innflutningi þessara véla eftir, að skynsamleg rök höfðu verið færð fyrir honum.

Hitt er ekki nema eðlilegt, að Bjarni Ásgeirsson hefði forytuna í þessum málum sem landbúnaðarráðherra, alveg eins og ég hefi haft forytuna í utanríkismálum; þó ^{eg} aldrei

þat eru ólli heilbrigði-
verzluna hætti, sem gler-
num gosarsonum eru
á huga fyrri bilden
valdabréfist.

(hef)

purft að neyða samstarfsmenn mína til neins, heldur hefur í þeim eftum verið hið bezta og ákjósanlegasta samstarf innan ríkistjórnarinnar. Samstarf, ~~sem~~ ég met þeim mun meira, sem ég veit um, hvílíka erfiðleika samstarfsmenn míni ~~áttu~~ við að etja í flokki sínum, einkanlega formanni, ~~gatn~~ út af þeim málum.

Er það gott dæmi, þegar Hermann Jónasson á síðustu stundu snérist á móti ~~XXXXX~~ þátttöku Íslands í efnahagssamvinnunni og Eysteinn Jónasson varð að ~~en~~ ^{Hljóðin í síðurendu stundu} frá Austfjörðum til að ríkisstjórnin gæti tekið ályktun í þessu þýðingarmikla máli, sem m.a. bjargaði bændum frá stórkostlegum missi bústofnsins á s.l. vori.

Hennans fórarinn haldi ógöfa stafa af min. Það var að feng rannar arið og hann hvarf að feng. Síðan sei hann að göfuna hevar vetrar og vitnar! Svava greti undarsar mannum, sem helur sínar. Ístakonum er meðal annar, sem hefur aldr. 5. Ít er stakonum frá meðal annar, at hann sé miður. Það os stóðum í Finnbogi Rútur Valdimarsson kom fram dýrarslegur og vettur.

en ðy sagði mið undir skrift
Athensfssáthmálaus:
nán svo getur ekki a.

fyrirkjósendur og sagði mig hafa vísvitandi skrökvað því, að Island gæti ef viss atvik væri óvinnundunum mið Nortunatlandsleif, fyrir hendi, haft mikla þýðingu í styrjöld.

Hann sagði óvinnundum, að Island væri sem skammbyssa, er hægt væri að beita gegn Bretlandi og Bandaríkjunum í styrjöld, skáldskap úr mér.

Svo er ekki. Það var þýzkur herfræðingur, sem lýsti þessu svo (amillistriðsaldanna) og hefur síðan verið vitnað í þau í ymsum bókum um herfræðileg efni. Verðaði t.d. mið heildin um þessi dæi. Það sem er ófara um ófara en bók Hansom Baldwin, hermalaráðunauts New York Times, eins starsta og merkasta heimshlaðsins,

En látum þessi ummæli eiga sig. Með þeim er ekki sagt annað en það, sem reynslan er síðan búin að kenna okkur. Lítum því á staðreyndirnar. Ekki ætlar Finnbogi Rútur sér þó þá dul, að halda fram, að það séu skrök úr mér, að Bretar hafi hernumið Iceland 10. maí 1940. En hvernig stóð á því, að Bretar, sem þurftu á öllu sínu að halda, dreifðu liðsafla sínunum með hernámi Islands? Ætli það hafi verið til að ráðast á Evrópu frá Iceland. Þen Finnbogi Rútur Valdimarsson létt svo sem hernaðarþyðing Islands gæti ekki verið nein önnur.

Bretar hertóku Iceland fyrst og fremst vegna þess, að þeir óttuðust, að, ef Iceland væri óvarið, kynni Þjóðverjar að hremma það og nota það síðan til að skera á líftaug Breta við Bandaríkin með árás á siglingar þangað, og á Bretland sjálft.

Bretar hafa oft líst af í því, at orrustur um Athosbey hafi þann mið umrás regnað til ófara í Icelandi. Hvernig hella meiri til (arið helst?) til ófara?

Eg

og ætli Þjóðverjar hafi fyrir strið leitað eftir aðstöðu á Íslandi, sem þeir gerðu, til að tryggja betri aðstöðu sína gegn meginlandi Evrópu? Nei, þá aðstöðu þurftu þeir ekki að sækja til Íslands. Hana hofðu í heimalandi sínu.

Það var einmitt til að fá því áorkað, sem Bretar vildu forða með hernámi Íslands, sem Þjóðverjar sóttust eftir aðstöðu hér, til að geta héðan gert árásir á siglingar um Atlanzhaf og á Bretland sjálft. Og þegar Hitler ráðgerði árás á Ameríku fyrirskipaði hann herforingjaráði sínu að gera áætlun um töku eyjanna í Atlanzhafi, ~~Atlanz~~ ~~hér~~ ~~en~~ ~~þeir~~ ~~hefði~~ ~~hér~~ ~~vætt~~ ~~þá~~ ~~þessum~~ ~~þig~~ ~~þessi~~.

Ekki skal ég ~~helfa~~ segja eins og Finnbogi Rútur Valdimarsson um mig, að hann hafi verið með vísvitandi blekkingar, en hann talaði af því yfirlæti eins og hann hefði gögn sín beint úr herforingjaráði einhvers stórveldisins. En hafi Finnbogi Rútur Valdimarsson ekki skrokvað sjálfur, þá hafa þeir skrokvað, sem gögnin fengu honum ~~hendur~~.

[~~Því~~ að í morgun fékk ég símskeyti frá þjóðpekkum borgara á Akureyri, sem af tilefni ræðu Finnboga Rúts, benti mér á hefti af Readers Digest frá því í sumar. En þær er sagt frá staðreyndum, sem ég að vísu hefði hugboð um, ~~en~~ mjög brjóta í bága við frásögn Finnboga Rúts um hversu langt flugvélar geti flogið. Sú frásögn hljóðar svo:]

"... Það er engin ástæða til að draga dul á hæfni B-36 flugvélanna. Þær geta flutt atóm-sprengjur til hvaða meiri háttar skotmarks sem vera skal og flgið heim aftur til Norður-Ameríku. Ein slík flugvél flaug nýlega viðstöðulaust frá

I unsiðnum minnum um
hernámi þigininga Þjóðverja
því að at is lost meða
í hérslu á þiginingu hennar
þigini siðingar i þessum dílu
En auk þess sagt, að hérslu
varin heft að gera flugáhrar
í Bretland og Bandaríkinum.
Finnbogi hittu fólkist,
spæna mið mið með því
að aðgerð flugáhrar varin
til, sem æxt flugist
Meðan hérslagars fram og
aftur fóru Þjóðverji til
Bandaríkjanna.

Gervi aðgerði Þjóðverja
hérslilli um fólkum. Þ
éinn vitbreytilegsta tíma-
riti hérsluins Reader's Digest
því amerískum útgáfum að leo ay
- sinni-lefti- aðburu ut gá (numur
með i þessu leit).

Texas til Havaii og heim aftur, alls 8400 míflur, varpaði niður sprengjufarmi sínum miðs vegar og hafði, þegar hún lenti, nægilegt benzín til 1500 mílna flugs að auki. Þessi flugvél, B-36, getur flogið með nærri 400 mílna hraða á klst. í 40.000 feta hæð, og þyðir það, að flug frá Labrador til Moskva, svo að dæmi sé tekið, tæki liðlega lítíma, eða skemmti tíma en áætlunarflug milli New York og London. Auk þessara flugvélala, B-36, eru til flugvélarnar B-50 og endurbættar flugvélarnar B-29, sem flogið geta svo að segja ótakmarkaðar vegalengdir með því að taka benzín á flugi. B.-50 flugvél flaug nýlega umhverfis hnöttinn, 23.400 míflur á 94 klukkustundum, og tók fjórum sinnum benzín á flugi."

Finnbogi Rútur Valdimarsson telur að Rússar hafi aðeins lélega stælingu af sumum flugvélum Bandaríkjanna. Annað segir ^{rh.} ~~sem~~ betur má um þetta vita, herforingi í rússneska flughernum, sjálfur sonur Stalins: ~~þárin 17. júlí 1. sept.~~
~~hér:~~ ~~"Rússneskan flugvélar fljóga óferðar,~~
~~hvaran er hennar en nekkar órav?"~~
~~fleygasta flugher í heimi.~~

~~Mög þessum tilvitnum er sannað að allt sérfreðiglamur Finnboða Rúts um hernaðarþyðingu Islands er orðið að sama kommunistagjamminu, sem svo lengi hefur hljómað.~~

~~Einig skal þó enn betur sýna fram á rökvillur hans og blekkingar. Hann sagði, að Iceland kæmi aðeins að gagni til árása á Evrópu. Nú vita allir, að Atlanzhafsbandalgið er ekki sérbandalag Islands og Bandaríkjanna, heldur fyrst og fremst varnabandalag Evrópuríkjanna sín á milli. Segjum eitt andartak, að fullyrðingar kommunistar um árásarvilja Bandaríkjanna væri réttar. Að hvaða gagni~~

þá seðfarið í tímum, sem
íslenskum flugvélum hafa
litið með í tó um sagt,
at B-36 geti flaugt 5000
mílnum með fullri hlaðsíðu
og B-50 6000 mílnum, ein
þessi sín atvinnunum að
taka benzín. Þær velta
því að eftirlaga flugi
fram og oft um miðlin
Íslands og Bandaríkjanna.

Mög þessum tilvitnum
er sannað að
fullgt í gagn Finnboða
hins um, að Rússar
hafi aðeins lélega stælingu af
sumum flugvélum Bandaríkjanna
vegas þess, að þei gátu
dokki notat hennar til
árása á Island, en
mátkarast fleiri að
stætt öllum að að veypum
og spáligi í gagn sínilla
sonum sjálfs Stalins.
En í hinni fyrstu lagi
vætu nánar veppdi Finn.
Þessi hafi að dokki að hæðbjiði
skamniðurum um
þessum Island (þann
niglum að Athlens haf-
sgummen Brettaníbryggi
sem skifti að þó mest-
máli).

kæmi Ísland þeim þá til árása?

I fyrsta lagi geta þau eins og ég sannaði gert árás ~~þess~~ hvert á land sem er frá sínum heima-stöðvum.

En í öðru lagi hafa þau varnarbandalag við Evrópulönd, sem öll eru nær Rússlandi en Ísland.

Ett þau lönd yrði ekki fyrr notuð til árásarstöðva, ef það eru fjarlægðirnar, sem þvælast fyrir?

Allar slíkar bollaleggingar eru hinsvegar út í bláinn. Lýðræðisríkin gera aldrei árás á Rússland. Ef slík árás væri gerð væri Íslendingar ekki skuldbundnir skv. Atlanzhafssáttmálanum, og mundu þar engan hlut að eiga. Atlantshafssáttmálanum er vennslens ~~þjóðinum og~~ ^{innanrit} að ~~debert~~ ^{einum} ~~dagt~~ ^{at} ~~við~~ ^á ~~ársins~~ ^{lykilegum} Hitt var rétt hjá Finnboga Rúti Valdimarssyni, að nú eru mun minni líkur en áður til þess að ófriður brjótist út. En hann gat ekki um skýringuna á þeirri staðreynd en hún er ~~sú~~, Atlantshafssbandalagið hefir nú þegar dregið stórklega úr viðsjám stórveldanna og aukið friðarhorfurnar.

Er ég ritaði undir Atlanzhafssáttmálann lýsti ég því skýlaust, að

"Við höfum engan her og getum ekki haft. Ísland hefur aldrei farið með hernað gegn nokkru landi og sem vopnlaust land hvorki getum við némunum segja nokkri þjóð stríð á hendur, svo sem við lýstum yfir er við gerðumst ein af Sameinuðu þjóðunum."

Með þessum formála gerðumst við aðilar bandalagsins og hafði enginn neitt við hann að athuga. Enda hafði því áður verið lýst yfir af ~~Enda hafði~~ hálfu Bandaríkjanna:

1) Að ef til ófriðar kæmi, mundu bandalagsþjóðirnar óska svipaðrar aðstöðu á Íslandi og var í síðasta stríði, og það mundi algerlega vera á valdi Íslands jálf, hvenær sú aðstaða yrði látt-

in í té.

2) Að allir aðrir samningsaðilar hefðu fullan skilning á sérstöðu Íslands.

3) Að viðurkennt væri að Ísland hefði engan her og atlaði ekki að stofna her.

4) Að ekki kæmi til mæla að erlendur her eða herstöðvar yrðu á Íslandi á friðartínum.

Ef það rætist, sem við skulum vona, að friður haldist, þurfa Íslendingar þess vegna engum búsifjum að kviða út af Atlanzhafssbandalaginu. Þvert á móti geta þeir þakkað því friðinn.

Eins er um Keflavíkurflugvöll og samninginn um hann. Það á að vera merki um óskaplega uppgjöf landsréttinda, að samið var um skammvinn afnot af honum, afnot, sem Íslendingar geta einhliða losað sig við eftir 3 1/2 ár.

Pegar á það er litið, að Bandaríkin hofðu farið fram á herstöðvar hér til mjög langstíma og að einsdæmi eru, að smáveldi hafi stórvandræðalaust komist undan slíkri beiðni stórveldis, sbr. örlög baltnesku landanna briggja og herstöðva Rússa í Finnlandi, og að Bandaríkin voru hér á landi með her og hverjar ógnarlysingar kommúnistar gefa af Bandaríkjum önnur, þá held ég, að enginn þurfi að skammast sín fyrir að hafa tekið þátt í að leysa þetta mál á þann veg, að Bandaríkin hurfu strax 1947 burt með allan herafla sinn af Íslandi, og Íslendingar geta einhliða sagt upp afnotum Keflavíkurflugvallar eftir 3 1/2 ár, eða skommu eftir að Finnbogi Rútur segir Íslendinga einfæra um rekstur vallarins. Skulu menn þó varlega treysta sérfræði hans í þeim eftirnum miðað við það, sem aður er sannað. Það hefur undin hörðum um sögn Íslendinga flugmála sem fræðingar, en ger þekkti þetta og segi alt annat.

Eru lítum þat vera my

En hvað, sem menn segja annars um Keflavíkurflugvöll, hafa jafnvel kommunistar orðið að játa, að þar eru nú engar herstöðvar.

Og lausnin á meðferð Keflavíkurflugvallar verður einmitt miklu auðveldari vegna þáttöku Íslands í Atlanzhafssbandalaginu, *vægna leunu og skapast* *þó* *þó* möguleikar til *Íslendingum* miklu geðfeldari lausn, *en beirra* *sem er.*

Sannleikurinn er sá, að öll þessi vandamál hafa leysts~~vonum~~ betur af því, að í senn hefur verið haldið á þeim með festu af hálfu *Íslendinga og skilningi af hálfu Bandaríkjama*. *vitceunandi ókun*

Íslendingar gengu ekki í Atlanzhafssbandalagið vegna annarra heldur fyrst og fremst vegna sjálfra síns. Þeir þurfa á öryggi að halda eins og aðrar þjóðir og friðurinn er þeim ekki síður dýrmætur en öðrum. Þessvegna er þátttaka í friðarsamtökum lýðræðispjóðanna Íslendingum lífsnauðsyn.

Eg skal ekkert um það segja *af* hvaða hvötum Finnbogi Rútur Valdimarsson hefur látið hafa sig til að túlka rangan málstað við þessar umræður og segja ósatt um augljósar staðreyndir. En yfirlýstir kommunistar hafa ekki farið leynt með, hver sé tilgangur þeirra.

"Brynjólfur Bjarnason lýsti honum á Alþingi Íslendinga 9. júlí 1941, er hann sagði, að Íslendingar mundu ekki telja eftir sér að hér yrði skotið án miskunar, ef það yrði til þess að veitt yrði virk aðstoð í þeirri baráttu, sem háð var á austur-vígstöðvunum.

Hér er berum orðum sagt, að íslenzkum hagsmunum ætti að fórna fyrir rússneska.

Íslendingar voru teknar dalið til þess
þó hafið aðist, heldur munum þær fáin fáin en
mobnum sinni *í* *en* *þugtju* *sér um* *Bjálfstæði*
Einkasjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarsjólasafn Reykjavíkur

I fullan áratug hefur Sjálfstæðisflokkurinn lengst af tekið þátt í stjórn landsins. Þegar lítið er yfir farinn veg, er augljóst, að fyrir óhrif og forystu Sjálfstæðisflokksins hafa mörg og stór framfaraspor verið stigin á þessu tímabili í löggjöf og framkvæmdum. Hafa mörg þeirra markað djúp spor í þjóðlifið og sumra þeirra mun gæta um ~~langan~~ aldur. Íslendingar hafa tekið öll sín mál í eigin hendur endurreist lýðveldi á Íslandi. Aldrei hafa jafn-stórfelldar framfarir og nýsköpun orðið í atvinnusögu þjóðarinnar. Togarafloti landsmanns hefur ~~verit under langan, us os fullkominn skil bonit i stat und~~ ~~þróunart til afköstum og þjóðin eignast fjöldum~~ ~~os alhöfnar meðaldeild~~ ~~32 fullkomna nýttísku togara.~~ ~~Bátautvegum~~ ~~verat~~ hefur ~~þróunart~~ fjölda nýrra vélbáta. Kaupskipastóllinn hefur fimmfaldast. Þjóðin eignast glasilegan flugvélaflota. ~~Alhórt~~ ~~verit~~ hafa á síðustu # 5 árum tvöfaldast ~~alhórt~~. Nýjar fiskimjölsverksmiðjur risið upp, hraðfrystihús, niðursuðuverksmiðjur og lýsisverksmiðjur. Iðnaðurinn eflzt og aukizt á flestum sviðum. Raforkuframleiðslan meira en tvöfaldast. Tímabil nýrrar tekni hafist í landbúnaði, með stórkostlegum innflutningi, ~~og bær ar vel~~, jarðyrkjuverkfara, dráttarvála, akutögrafta og Jeppahifreiða, og raktun landsins stóraukizt. Þísundir nýrra og hagkvæmra fbdóa verið byggðar.

Mörg þessara mæla hafa verið leyst með góðu samstarfi við aðra flokka. En til þess að fá framengt ~~mæru~~ þessarra merku þjóðnytjanæla hefur orðið að fallast á ~~num~~ þá skipan

L *tveit samrinna
og fruggt óreggji
þig óreggja fundin.
berðin var regn regn
vitrið með þóli
vitrið með vitrið
list velti biði.*

Markaður fyrir framleiðslu
landsmannana hefur verit að hafi
með meiri fáttum vitkeiftum
skurðum og með aðra
þjóði og óvaldarsínum
bætum með hættölu
i óvaldarsínum
Markaður í Uruhánum

degurmálanna, sem gagnstæð er stefnu Sjálfsteðisflokksins og hann myndi aldrei hafa lögfest, ef hann hefði einn mætt ráða. Flokkurinn hefur neyðst til að gera þá afvik frá stefnu sinni í því skyni að varðeita samstarf, sem var ~~bjóðum meðspelast~~ ~~bjóðarmáðsýr~~. Telur flokkurinn, að nú hafi ~~þá~~ svo langt verið gengið í þessum efnunum, að ~~verði~~ ^{xi bonis} ~~þegar við um~~ Reynzlan og rás viðburðanna hafa sýnt á ótvíraðan hátt, að nýverandi efnahagsöröngleikar bjóðarinnar eru í meginatriðum sprottnir af því, að grundvallarstefna Sjálfsteðisflokksins hefur ekki fengið að ráða. ~~bjóðum meðspelast~~ Þess vegna telur flokkurinn ~~útbrotta~~, að héðan af gesti stefnu hans í ríkara mali en verið hefur hin síðari ár, og að breyting verði gerð í mörgum höfuðþáttum þjóðmálanna. Vill hann í því sambandi taka þetta sérstaklega fram:

(*) I

Sjálfsteðisflokkurinn lítur svo á, að frumskilyrði þess, að íslendingum geti farnast vel í landi sínus, sé, að afhafnaþrá manna fái sem viðtekast verksvið, en sé ekki reyrð í viðjar, svo sem gert hefur verið langt frá hófi fram og í vaxandi mali á undanförmum árum.

Flokkurinn telur, að skerðing á athafnafrelsi

met viðteki lögskipan
vibiriðum með

landsmanna á öllum sviðum atvinnurekstrar, ~~ó~~ ^{tíðheims} nefndum og ráðum, sé orðin óþolandí og valdi stórkostlegri rýrnun á ~~atkví~~ afköstum bjóðarinnar. Fyrir því telur flokkurinn óumflýjanlega nauðsyn, að tafarlaust verði snáið af braut ríkjandi ofstjórnar, ^{um} fækkað opinberum nefndum og ráðum, losað um höft á verzlun og athafnalifi [og létt af skömntun á vörum] út frá því megin-

sjónarmiði, að landsmönnum verði sem fyrst aftur fengið það frelsi, sem þeir brá og bjóðarhagsmunir krefjast. [Sjálfstæðisflokkurinn lítur á höftin sem neyðarfírræði um stund, er sem fyrst þurfi að losna við, en ekki sem markmið eins og þau eru í augum annarra flokka.] Sjálfstæðisflokknum er ljóst, að í einni svipan verður þetta ekki gert, en hann vill, að allar ráðstafanir í dýrtíðarmálunum miðist við það að gera verzlunina frjálsa. "Frjáls verzlun sem fyrst" er kjörorð flokksins um verzlun og viðskifti. Heðan því marki er ekki náð að fullu, leggur flokkurinn áherlu á, að meira réttleti og jöfnunar ríki um innflutning og dreifingu vara til landsins og einstakra landshluta en nú er.

*enda að ósæða þess, at
það tekist, at vísst
verði fram í vanda-
máli verðbólgyrðum.*

III.

Sjálfstæðisflokkurinn telur þess brýna nauðsyn, að komið verði á jafnvægi í bjóðarbúskapnum og þannig bdið að atvinnuvegum bjóðarinnar, að þeir geti í samilegu árferði og með skaplegum aflabrésgöum komist af án styrkja af almannafé. Lysir flokkurinn sig reiðubúinn til þess að beita sér fyrir sér-hverri beirri löggjöf og framkvæmd, sem að dömi frökstu sérfræðinga leiðir að þessu marki á eðlilegan, heilbrigðan og varanlegan hátt, enda verði framkvæmdum þannig háttar, að almenningi verði minnsta íþyngt og byrðum af aðgerðum skift réttlátlæga. Hefur flokkurinn átt framkvæði að því, að fram feri alhliða athugun málssins. Liggur það ljóst fyrir, að engin ein ráðstöfun kemur þar að fullu liði, heldur verður að gera í senn margar ráðstafanir, sem allar í

heild gatustu leitt að settu marki.

Sjálfstæðisflokkurinn telur, að auka þurfi innflutning nauðsynlegustu neyzzluvara, þannig að bætt verði ór skorti, sem á þeim er, og þar með upprættur svartur markaður og rangleti í vörudreifingu, sem viða hefur gert vart við sig. Telur flokkurinn að jafnhliða verði unnt að afnema skömmutun þá, sem frankvænd hefur verið undanfarið.

Flokkurinn telur nauðsynlegt, að fjárlög ríkisins séu afgreidd án greiðsluhalla.

Flokkurinn telur nauðsynlegt, að útflutningsatvinnuvegum verði komið á arðberan grundvöll.

Flokkurinn telur, að forðast beri gengisbreytingar í lengstu lög, og þær komi því aðeins til greina, að þær teljist, að dömi fréðustu manna, nauðsynlegur líður í viðtakum ráðstefnum, sem tryggja hag almennings og greiða fyrir að halldiðt geti full atvinna og lífvenleg kjör allra starfandi manna.

Flokkurinn telur, að afnám haftanna og aukið frjálsræði einstaklinganna myndu suka afrakstur þjóðarbúskaparins og skapa skilyrði fyrir bestum lífskjörum almennings.

IV.

Sjálfstæðisflokkurinn telur nú sem fyrr nauðsynlegt, að fjárhagur ríkisins standi jafnan á traustum grunni, fjárlög séu afgreidd hallalaus, forðast sé umframgreiðslur og skuldasöfnun og reynt sé eftir megni að draga ór útgjöldum ríkissjóðs. Nauðsynlegt er að auka vald fjármálaráðherra yfir fjárgreiðslum ór

rikkissjóði. Sjálfstæðisflokkurinn hefur að undanföru ekki getað markað fjármálastefnuna eins og hann hefði óskað, þar sem hann hefur verið í minnihluta á Alþingi. Ímsar tilraunir Sjálfstæðisflokksins til aukins sparnaðar og gestni hafa strandað á andstöðu annarra flokka. Megináttakið, til þess að draga úr útgjöldum ríkissjóðs, yrði það, að hætta niðurgreiðslum og styrkjum, en þá mætti lekka skatta á almenningu og atvinnurekstri, sem myndi skapa blómlegra atvinnulif og vaxandi framtak í landima.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur sýnt það í verki, að fjármálastjórn hefur farið honum vel úr hendi, þegar og þar sem hann hefur einn ráðið. Nægir þar að benda á fjármálastjórn höfuðborgarinnar, þar sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur einn markað stefnu og borið ábyrgð.

V.

Það er brýn nauðsyn fjárhag og menningu Íslendinga að bandum verði gert kleift, með aukinni takni og hverjum þeim ráðum sem tiltekileg eru, að þeir geti orðið sankeppnisferir við aðrar landbúnaðarþjóðir í framleiðslu afurða sinna.

Sjálfstæðisflokkurinn vill, að þjóðin sameinist til mikilla átaka um framfarararlí sveitanna, svo umbetur í rektun, húsakosti og hverskonar aðbúð sveitafólks verði á næstu árum stórstífgari en nokkru sinni fyrr. Að unnið verði markvisst að því að upp risi nýbýli á skipulegan hátt helst á samfeldum svæðum, í öllum bestu búnaðarhéruðum landsins, ungt fólk geti, ekki síður skapað sér örugga frantið við

búskap, en sörar atvinnugreinar.

Með því móti næst það jafnvægi milli sveita og sjávarbyggða, sem himu íslenska þjórfélagi er nauðsynlegt. Lifsaíkoma landsmanna stendur fleiri og öruggari fótum en nú. Og takast ná um langa framtíð að viðhalda þeim hollustuháttum í þjórliffinu, sem best dafna í skjóli öruggs landbúnaðar.

VI.

Landsfundur Sjálfsteðisflokkssins, sem haldinn var á Akureyri í júnímánuði 1948 setti floknum ítarlega stefnuskrá. Þar var mörkuð stefnan í sjávardtvegsmálum, landbúnaðarmálum, iönaðarmálum, verzlunarmálum, um dýrtíð og niðurgreiðslur, um ríkisútgjöld og skatta, um sangögubetur, atvinnuöryggi, félagsmál, uppeldis- og menntamál, utanríkismál, endurskoðun stjórnarskrárinnar og frjálsraði í atvinnurekstri, auk stjórnmálaályktunar. Vill flokkurinn vísa til þessarra samþykktar landsfundarins um stefnu flokkssins í einstökum málum.

VII.

Stefna Sjálfsteðisflokkssins byggist á sögu, eðli og hugsunarhætti þjórarinnar. Sjálfsteðisstefnan ein er í fullu samræmi við hugsjónir og drauma Íslendinga frá upphafi vega um frelsi í stað fjötra, um samheldni í stær sundrungar. Sjálfsteðisflokkurinn vill standa vörö um lýfðraði og mannréttindi, sem nú eru fótum troðin í fjölda landa, sem kommúnisminn hefur brotið undir járnhæl sinn. Sjálfsteðisflokkurinn beinir þeirri eindregnu

áskorun til íslenzkra kjósenda, að þeir fylki sér um frambjööndur flokksins og skapi á Alþingi þann meiri hlut Sjálfstæðismanna, sem einn megnar að mynda þú festu og öryggi í stjórn landsins, sem þjóöinni er nú svo brýn börft á.

Við Alþingiskosningarnar á sunnudaginn kemur er valið óvenjulega auðvelt fyrir kjósendur.

Alþýðuflokkurinn þakkar sér núverandi ástand og er þess vegna eðlilegt, að allir þeir, sem ánægðir eru með það, kjósi Alþýðuflokkinn, og er þó eins og Alþýðuflokkurinn hafi einhvern grun um, að ánægjan sé ekki jafnmikil og skyldi, og alltaf öðruhvorugæist fram, þótt ástandið sé að þakka dugnaði Alþýðuflokksins í baráttu við íhaldið, er samt allt það, sem miður fer, einhverjum öðrum að kenna en Alþýðufloknum.

Samræðið í þessum málflutningi er ekki mikið. Hvernig er hægt að þakka sér það, að halda atvinnuvegunum við með styrkjum af almannafé og kenna öðrum um skattana, sem á eru lagðir, til þess að standa undir þessum greiðslum. Kommúnistar hafa að vísu gert slikt heljarstökk að telja sér ekki mikið verða um, en Alþýðuflokkurinn hefur ekki fram að þessu treyst sér í það. Þingmenn hans hafa að vonum greitt atkvæði með nauðsynlegum sköttum, sem óhjákvæmilegt var, því þeir gerðu það að höfuðstefnumáli sínu, því að vegirnir myndu því aðeins geta starfað, að þeir fengju styrki af fé almennings og hvernig á að vera hægt að styrkja atvinnuvegina svo mjög sem gert er, án þess að jafnframt sé höfð af þeim mikil afskipti af hálfu ríkisins, og ýmisleg höft og hömlur lögð á viðskipti manna.

Alþýðuflokkurinn játar þetta og segir, að eini gallinn sé sá, að höftin séu aðeins of lítil og eina sem á vanti sé, að menn njóti ekki enn algerrar einokunnar. Undir þetta taka kommúnistar.

Vitað er að fyrir þeim vakir, að koma á algerri einokun ríkisins um allar framkvæmdir, allan atvinnurekstur hven eðlis sem er. Kommúnistar vilja ekki láta það nægja og ætla þeir sér einnig að koma á því skipulagi ríkisins, að frelsi einstaklingsins sé úr sögunni, og allir möguleikar hans til áhrifa á meðferð málefna bess.

Vegna þess, að einstaklingarnir ráða þó töluverðu enn um atvinnu sína og öllu um stjórnmálastekoðanir, þá vilja kommúnistar svipta menn öllum umráðum atvinnunnar og öllu frelsi til stjórn-málaafskipta. Sannað er að þessi er kenning kommúnista.

Petta er ekki einungis tóm kenning við orðin ein, heldur sýnir reynslan einnig, að á pennan veg byggja þeir upp þjóðskipulag, þar sem þeir ráða.

Óliklegt er, að það geti lengur blekkt marga, þótt kommúnistar öðru hvoru afneiti baði kenningum sínum og framkvæmd þeirra. Fagurgali þeirra um frelsi, andstyggð á svörtum markaði o.s.frv. á sér enga stoð í veruleikanum. Þeir eru því mun ósparari á slikt glamur, sem ætlan þeirra er sú, að fá völdin og láta almenning aldrei aftur fá tækifæri til frjálsa kosninga.

Vegna þess að kommúnistar ætla sér með köldu blóði að svíkja allt, sem þeir lofa og horfir til góðs, þessvegna eru þeir ósparir á loforðin. Það munar ekki

um einn blóðmörskapp í sláturtíðinni er lífsregla þeirra.

Íslendingar hafa nú séð of mikið til framferðis kommunista, þeði hér á landi og úti í löndum, til þess að þeir séu fúsir til að láta fjöregg sitt í hendur slíkra glæframanna.

Ýmsar þjóðir hafa hvarvetna hafnað forustu kommunista og hrírist þá af sér. Hinn geypilegi ósigur þeirra í Noregi er nýjesta dæmið um þetta. Sannleikurinn er og sá, að í öllum þeim löndum, sem kommunistar tóku pátt í stjórn eftir síðustu heimsstyrjöld, hafa þeir hröklazt frá nema í þeim löndum, þar sem þeir hafa einir sölsað öll völd undir sig. Það eru svíkin og kúgunin ein, sem hafa verið haldreipi kommunista.

Á meðan kommunistar voru að brjótast til valda í Kína þóttust Rússar þar hvergi nærrí koma. Eftir að sigur kommunistadeildarinnar kínversku var orðin fyrirsjáanlegur breyttist skyndilega veður í lofti. Þá þökkuðu kínversku kommunista-forsprakkarnir Rússum í almanná áheyrn fyrir ómetanlega hjálp og sögðust ekki mundu hafa unnið slika sigra, sem þeir hafa gert, ef Rússar hefðu eigi veitt þeim slika hjálp.

Munurinn á Kína og Noregi er einkar lærðómsríkur fyrir íslendinga.

Hvar sem kommunistar geta komið við vopnavaldi til að kúga undir sig þjáðan lýð fá þeir sigur. Annars staðar, hjá frjálsum menningar- og lýðræðispjósum, hafa þeir hinsvegar beðið hinar hraklegustu ófarir. Hvergi þó meiri en hjá nán-

ustu frændpjóð íslendinga, Norðmönnum.

íslendingar munu vissulega
ekki verða þeir ættsleðar, að láta sitt
eftir liggja til að veita kommúnistum
verðuga hirtingu.

Framsóknarflokkurinn stóð fyrir
því, að kosningar voru ákveðnar fyrr en
ætlað hafði verið og ástæðan til þessa,
er sú, að Framsókn liggur við að líðast
sundur, sökum ósamlyndis.

flokksins við
aðra átti að verða til þess, að láta
flokksmennina gleyma innbyrðis sundrungu.

Ekki skal um það sagt, hvernig
það hefur tekizt en vízt er, að sá flokkur,
sem fer í kosningar af þessum hvætum, er
ekki verður trausts þjóðarinnar. Málamynda-
tillögurnar, sem flokkurinn flutti fram
til afsökunar framferði sínu voru svo lítil-
fjörlegar, að með einsdæmum er. Jafnvel
Samband Ísl. samvinnufélaga fékkst ekki til
að lýsa á þessu sumri stuðningi við aðal-
tillögu flokksins í verzlunarmálum, sem þó
er sögð vera flutt vegna hagsmuna kaupfélag-
anna. Þetta er að vísu skiljanlegt, en
var ekki samin af áhuga fyrir velfarnaði
samvinnuhreyfingarinnar, heldur af valda-
bröskurum, til þess að geta komið klofn-
ingi og illindum af stað.

Framsóknarmenn láta nú mikið
yfir sér hér í bæ og það er ekki í fyrsta
skipti. Fyrir nokkrum árum þóttust þeir
ætla að setja nýtt andlit á Reykjavík
við þærstjórnarkosningar og héldu þeir
fáum dögum fyrir kosningarnar samtímis

samkomur á tveimur stærstu hótelum bæjarins.

var svo mikill, að

þeir töldu sig örugga um glæsilegan sigur.
Eftir kosningarnar kom hinsvegar á daginn,
að kjósendahópurinn var ámóta fjölmennur,
eins og söfnuðurinn, sem saman hafði komið
á hótelunum. Þetta er táknað. Framsóknar-
flokkurinn er utanþærarflokkur í Reykjavík,
hann hefur ætið gert Reykjavík og Reykvík-
ingum allt það til óþurftar, sem hann hefur
mátt.

Nú ganga erindrekar framsóknar-
flokksins að vísu á milli húsa og liggja dag-
langt í símanum til að hvetja Reykvíkinga
til að kjósa ungfrú Rannveigu Þorsteinsdóttur.
Ávöxturinn af öllu því starfi mun verða svip-
aður og verðleikar standa til. Eina von fram-
sóknar er, að eitthvað af kommúnistum slæðist
yfir á hana. Um það er ekki gott að dæma
fyrir annaraflokka menn, þeir vita það eitt,
að lengi hefur ekki mátt milli sjá, hverjir
væri liðsmenn kommúnista og framsóknar hér í
bæ. Hinsvegar er vitað, að sumir af ræðu-
mönnum kommúnista á fundum undanfarið og
utan fundanna, gengið á milli fólks og beðið
það um að kjósa framsóknarlistann. Meiri-
hluti Reykvíkinga mun ekki láta neitt af
þessu á sig fá. Þeir gera sér jafn ljóst og
aðrir íslendingar, að það, sem þjóðin nú
þarf einkum á að halda, er heilbrigð starf-
ræksla atvinnuveganna styrkjalaus og hafta-
laus, vaxandi athafnafreiði einstaklinganna og
aukið frjálsræði í verzlun til að útrýma
ófremdirinni í þeim efnum.

Ekkert af þessu verður framkvæmt
nema sjálfstæðisflokkurinn fái stóraukið

fylgi við kosningarnar. Sú fylgisaukning er því nauðsynleg. Óvissan á stjórnarfari undanfarinna ára, rýmkun á öllum ákvörðunum samþyktir loksins, þegar þær fást er þjóðinni stórhættulegt til lengdar og ekki íslandi né neinu öðru landi getur vegnað vel nema skýr og ákveðin stjórnarstefna ríki.

Sjálfstæðisflokkurinn er eini flokkurinn, sem mátt hefur til að veita þjóðinni slika forstu

Ræða forsætisráðherra.

Akveðið hafði verið að halda Landsfund á s.l. vori, en vegna þeirrar óvissu, sem þá ríkti um vinnufrið og þar með stjórnmálahorfur, þótti réttara að fresta fundinum til haustsins. Þessi óvissa var ein afleiðing efnahagsörðugleikanna, sem við hefur verið að etja nú um tveggja-þriggja ára tímabil.

I setningarræðu minni á síðasta Landsfundi í apríl 1967, vék ég að því að neyðarástand mundi þá þegar skollið á, ef gagnfráðstafanir hefðu ekki verið gerðar. Von manna var þá sú, að um svo tímabundna örðugleika væri að ræða, að verðstöðvunin, sem lögheimiluð hafði verið rétt fyrir jól 1966 mundi ásamt öðrum minni háttar ráðstöfunum, nægja til að firra vandræðum. Raunin varð öll önnur. Svo sem nógsamlega er kunnugt, þá varð efnahagsþróun áranna 1967 og 1968 íslendingum með eindænum óhagstæð. Þar voru að verki ástæður okkur með öllu óviðráðanlegar:

Minnkandi afli, lækkandi verðlag, markaðslokun og aukinn tilkostnaður vegna þess, hversu sækja þurfti á fjarlæg mið. Allt lagðist þetta á eina sveif um að áorka því, að hreinar gjaldeyristerjur af sjávarútvegi urðu a.m.k. helmingi minni á árinu 1968 en þær höfðu verið á árinu 1966. Svo skjót umskipti eru með öllu óþekkt í sæmilega tæknipróuðum þjóðfélögum og mundu hvarvetna hafa leitt til hinna mestu vandræða, eða öllu heldur viðast til beinnar upplausnar. Þetta er viðurkennt

af öllum hlutlausum aðilum, er skyn bera á og málið hafa skoðað. Kemur þar í einn stað, hvort um er að ræða sérfróða erlenda blaðamenn, fulltrúa annarra ríkja eða alþjóðastofnana.

Því ber og ekki að neita, að örðugleikarnir hafa sett ríkissjórnina og þinglið hennar í nokkra varnarstöðu á undanförnum misserum. Ekki hefur gefist færi á að sinna ýmsum örðum málum eins og skyldi af því, að mestu máli skipti að brjótast fram úr efnahagsörðugleikunum, og gera það með þeim hætti, að sem léttbærast yrði fyrir allan almenning og án varanlegs tjóns. Ýmsum framfaramálum hefur engu að síður verið hrint áleiðis að undanförnu, en játa ber, að tími og kraftar hafa ekki enzt í því skyni eins og verið hefði, ef höfuðáherzlu hefði ekki þurft að leggja á lausn hins geigvænlega efnahagsvanda.

Með svipuðum hætti og menn veturninn 1966 til 1967 höfðu vonað, að verðstöðvunin mundi duga sem varnargarður á meðan versta ólagið riði yfir, þá var að því stefnt að ráða bót á vaxandi vanda með gengislækkuninni haustið 1967, er varð óhjákvæmileg vegna lækkunar pundsins þá í nóvember. En vegna þess, að allar ytri aðstæður versnuðu enn stórlega á árinu 1968, þá varð ljóst, er á árið leið, að til enn róttækari ráðstafana þyrti að grípa.

Vegna hins nýja viðhorfs, sem allir þessir örðugleikar sköpuðu, var það hugleitt síðari hluta sumars 1968, hvort rétt væri að rjúfa þing og æskja nýs úrskurðar og umboðs kjósenda. Að at-

huguðu máli þótti slíkt ekki tiltækilegt. Harðvítugar stjórnmáladeilur mundu einungis auka vandræðin en ekki minnka, enda bæri þingmeirihlutanum skylda til þess að bregðast ekki þeim trúnaði, er stjórnarflokkunum hafði verið sýndur með sigri þeirra í alþingiskosningunum 1967.

Hins vegar þótti eðlilegt að leita samráðs við stjórnarandstöðuflokkana, svo alvarlegt sem ástandið var, og kanna hvort við þá væri fáanlegt samkomulag um nokkrar viðhlítandi ráðstafanir. Samtöl voru tekin upp við þá síðari hluta sumars. Þau stóðu fram eftir hausti. Sá háttur var hafður á, að fulltrúum þeirra var gefinn kostur á að kynna ast jafnóðum öllum gögnum, er ríkisstjórnin létt afla um ástand og horfur. Þær greinargerðir voru að þessu sinni mun ítarlegri og gagnsamlegri en nokkru sinni áður, er undirbúa hafði þurft efna-hagsráðstafanir, ~~þó að þær voru ekki miðum~~ ~~vandað glima en að þessu sinni~~ Þegar leið á viðræðurnar, varð ljóst, að ekkert samkomulag var hægt að fá um meginatriði. Stjórnarandstæðingar véku sér hjá að ræða um - hvað þá bera fram tillögu um - ákveðna lausn höfuðvanda-málanna. Í stað þess drápu þeir á ýmsar svokallaðar hliðarráðstafanir. Sumar þeirra gátu útfyrir sig vel komið til álita, en engar, hvorki nein sérstök né allar í heild, voru nokkuð nærrí því að veita lausn á aðalviðfangsefninu. Þó að hugmyndir þeirra um lausn á því væru allar á huldu, varð samt bert, að þeir vildu nota tækifærið til að auka ríkisfhlutun, allt í senn um fjárfestingu

meiriháttar framkvæmdir og innflutning. P.e.a.s. þeir vildu hverfa í verulegum atriðum frá þeirri frjálsræðisstefnu, sem fylgt hefur verið frá árinu 1960. Enda síhömruðu stjórnarandstæðingar, bæði í viðræðunum og málflutningi sínum þar fyrir utan, á því, að breyta þyrfti um stjórnarstefnu. Að þeirra mati var það aðalatriði málsins, svo og að koma núverandi stjórn frá völdum.

En hér dugðu hvorki hálfyrði né valdastreita. Þjóðartekjur höfðu stórminnkað og fóru enn minnkanandi. Afleiðing þess varð að taka í breyttum lifnaðarháttum landsmanna. Annarsvegar með því að skerða lífskjör í samræmi við minnkaðar tekjur, p.e.a.s. að sníða sér stakk eftir vexti, svo sem löngum hefur þótt bezt gefast. Á hinn veginn varð að haga ráðstöfunum svo, að sem mest hvöt yrði til aukningar atvinnureksturs í landinu og þá einkum þess, sem yki útflutning eða sparaði innflutning ánóhóflegra verðhækkana innanlands,

Tvær meginleiðir komu til álita. Önnur var sú að auka uppbætur stórlega. Þvílíkar uppbætur hefði ekki verið unnt að binda við útflutningsframleiðsluna eina, heldur hefði innlendur iðnaður verið settur í mjög mikinn vanda og gerður ósamkeppnisfær, ef hann hefði ekki fengið svipaðar uppbætur og sjávarútvegur. Fjár til slíkra uppbóta hefði orðið að afla með skattlagningu jafnframt því, sem stóraukin íhlutun stjórnvalda um málefni borgaranna, hefði verið óhjákvæmileg, ef treina ~~þá~~ átt liftóru margháttaðra atvinnugreina með

svo stórkostlegum styrkjum eða skömmtunum úr almannasjóði. Eftir því, sem málið var betur skoðað, hygg ég, að flestir eða allir hafi sannfærst um, að þessi leið var ófær. Enda er það athyglisvert, að þó að efnahagsráðstafanir stjórnarinnar, og þá einkum gengislækkunin hafi mjög verið gagnrýnd, hafa gagnrýnendur aldrei fengist til þess að segja, hver önnur leið hefði reynst greiðfærari. Þögnin kemur af því, að allir, sem málið hafa skoðað í alvöru, sannfærðust um, að svo miklu sem hér skakkaði, þá varð jafnvægi ekki náð aftur nema með gengislækkun.

Tal um vaxtalækkun, hagnýtari fjárfestingu og annað slíkt stoðaði ekki, þegar af því, að engin af slíkum hliðarráðstöfunum né þær allar saman voru nógu stórvirkar. Vextir eru hér nú ekki hærri en víða annarsstaðar, því að hvarvetna eru háir vextir í senn afleiðing verðbólgu og tæki til að vinna gegn henni. Vaxtalækkun hefði einnig óhjákvæmilega bitnað á sparifjáreigendum, sem gagnrýnendurnir halda í hinu orðinu fram, að hafi orðið of hart úti. Talið um vaxtalækkun hinsvegar en illan aðbúnað sparifjáreigenda hinsvegar er glöggt dæmi, en einungis eitt dæmi, þess skrípaleiks að láta svo að ráið verði fram úr alvarlegum og almennum örðugleikum án þess að á nokkrum þurfi að bitna. Eftirá tjáði ekki að tala um of mikla fjárfestingu í síldveiðum og vinnslu. Þar var um orðinn hlut að ræða og á sínum tíma sóttu stjórnarandstæðingar mjög á um enn auknar framkvæmdir í þessum efnum. Jafnframt deildu þeir á uppbæturnar, sem

1964 og síðan voru veittar á bolfisk og miðuðu einmitt að því að hindra einhliða ástundun síldveiða. Uppbygging Skagastrandar sem síldarvinnslubæjar fyrst og fremst, að tilhlutun nýbyggingarráðs, sýnir og hve frá leitt er að halda, að ríkisvaldið

sé framsýnna í þessum efnum en einstaklingar.

Sumir segja raunar eithvað á þessa leið:
Látum vera, þótt róttækjar ráðstafanir þyrfti að
gera, og út af fyrir sig játum við, að eins og komið
var, voru ekki önnur úrræði fyrir hendi en þau sem
valin voru. En betur hefði farið, ef fyrr hefði
verið við brugðist, enda hefði þá ekki þurft að taka
jafn harkalega á og gert var haustið 1968.

Þeir, sem svo tala, gleyma því, að það voru
einmitt áföll ársins 1968, sem bregðast varð við.
Talið um það, að við höfum áður lifað um efni
fram, fær ekki staðist, ef litið er til áranna 1960
til 1966. Þetta voru mestu framfara-, athafna- og
uppgangsár í allri okkar þjóðarsögu. Að þessum
árum gjörbreyttist allur hagur almennings og lífs-
kjör til hins betra. Jafnframt átti sér stað stór-
felld eignaaukning í landinu. Skuldir út á við jukust
~~þær~~
nokkuð, en ekki nema að litlu, miðað við
eignaaukann. Erfitt hlaut að vera að fá menn til
að hægja á sér, hvað þá snúa við á svo örri fram-
faraferð. Ef áföllunum hefði lokið með árinu 1967,
mundu þær ráðstafanir, sem þá höfðu verið gerðar,
þó hafa nægt til að halda í horfinu. En það voru
einmitt hin nýju áföll, bæði innanlands og utan,
sem gerðu gengisfellinguna 1968 óhjákvæmilega.
Hversu langt þurfti að ganga, varð heldur ekki
séð, fyrr en menn höfðu öðlast sæmilegt heildar-
yfirlit um afkomuna á því ári.

Að vísu varð þá, eins og ætíð ella, að gera
sér ljóst, að margt gat þaðan í frá, eins og fyrr,

l

brugðist til beggja vona. En svo margt hafði gengið á móti, að ekki var óhæfileg bjartsýni að gera ráð fyrir, að bati væri fram undan. Raunin hefur og orðið sú, að mjög hefur snúist til betri vegar á árinu 1969. Viðhorfin út á við hafa gerbreyzt.

Næstu misseri á undan hafði verið stöðugur viðskiptahalli og gjaldeyrisvarasjóður jafnt og þétt minnkað, þangað til segja mátti, að hann væri genginn til þurrðar. Að þessu ári hefur hlutfall innflutnings og útflutnings verið Íslendingum miklu hagstæðara en næstu misseri á undan og gjaldeyrisjóðir safnast á ný. Höfuðorsakir þessa eru annars vegar samdráttur í innflutningi, sem hefur orðið svipaður og að var stefnt, og hinsvegar veruleg aukning í sjávarútvegi, og þá einkum þprskveiðum og loðnuveiðum, ásamt hagstæðari verðlagsþróun og meiri vinnslu aflans innanlands en áður. Þrátt fyrir það, að síldveiðar hafi að mestu brugðist, þá urðu ráðstafanirnar sjávarútvegnum sú lyftistöng, sem á þurfti að halda til að koma okkur yfir erfiðasta hjallann.

Viðurkennt skal, að þessu hefur ekki orðið áorkað, nema með því að koma harkalega við ýmsa. Jafnvel þegar gengislækkun tekst og nær höfuðtilgangi sínum, eins og nú, er þess ekki að dyljast, að tilgangur hennar er m.a. að færa fjármagn á milli þjóðfélagsþegna, þ.e. frá öðrum til þeirra atvinnuvega, sem öllum er lífsnauðsyn að efla. Má enginn búast við, að þeir, sem fyrir barðinu á slíku verða, taki því með þökkum.

Auðvitað ber að forðast gengislækkanir í lengstu lög.

Gengisfelling er með öllu fráleit, þegar gjald-eyrisvarasjóðir stækka og útflutningstekjur fara vaxandi. Að vísu kann þá að þurfa að greiða einstaka atvinnugreinum útflutnings-uppbætur til að halda sæmilegu jafnvægi. En slík uppbótagreiðsla réttlætir engan veginn gengislækkun, eins og forystumenn Framsóknar töldu óhjákvæmilega t.d. á árinu 1965. Ef gengislækkun hefði þá verið knúin fram, var óverjandi annað en að gera öflugar gagnráðstafanir gegn gróðabralli þeirra, sem ætluðu að knýja hana fram sjálfum sér til óréttmæts ávinnings.

Þetta hafði ég í huga, þegar ég að gefnu til-efni tók svo til orða á Alþingi hinn 12. desember 1966: "Hitt segi ég, og við það skal ég standa, að ég skal aldrei verða með gengislækkun framar, nema því að eins, að ráðstafanir verði gerðar til þess, að þeir, sem ætla sér að knýja fram gengislækkun til þess að græða á henni sjálfir, fái að borga sinn brúsa fyllilega."

Dessu var ekki til að dreifa á árunum 1967 og 1968. Gengisbreytingarnar þá urðu hvorki vegna politíksks þrýstings eða valdabrasks né fyrir atbeina fjárbrallsmanna í eigin gróðaskyni.

Bæði þessi ár varð að lækka gengi af því, að það var lífsskilyrði fyrir útflutningsverzlun landsmanna og raunar allan heilbrigðan atvinnurekstur.

Enda verður að játa, að þegar enginn gjald-eyrisvarasjóður er lengur fyrir höndum og skortur er á gjaldeyri til að fullnægja spurn eftir erlendum innflutningi, þá fer eins og ella, þegar skortur er á vöru, að hún hækkar í verði, hvort sem menn vilja eða ekki.

Hér sem ella verður að líta á öll atvik.

Ekkert eitt læknisráð á við, hvernig sem á stendur,
heldur fer það eftir aðstæðum, hverjum ráðum er
vænlegast að beita. Jafn fráleitt er, að gengis-
lækkun eigi ætíð við, eins og að hún komi aldrei

til greina.

Fyrir þjóð, sem þarf að flytja inn jafn mikinn hluta af nauðþurftum sínum eins og við Íslendingar, þá hlýtur gengislækkun ætíð að leiða til verulegra verðhækkaná. Ef því líkar verðhækkanir á að bæta upp að fullu, þá leiðir þar af, að eftir nokkrá mánuði eða misseri eru hin hagstæðu áhrif gengisbreytingarinnar úr sögunni. Fullkomnar bætur eru því fjarstæðari, þegar eitt aðalviðfangsefnið er - eftir hverjum leiðum sem farið er - að samræma lífskjörin rauverulegum þjóðartekjum, þ.e.a.s. eins og nú stóð á, því miður, að rýra þau verulega. Fram hjá slíkri rýrnun varð ekki með neinu móti komist.

Gagn þessu stoðar ekki að halda því fram, að enginn vandi ætti að vera fyrir þjóðarbúið að taka á sig að gjalda óbreytt kaup, vegna þess að sveiflan niður á við, sé þó ekki meiri en svo, að samsvari þjóðartekjum 1962 eða 1963, enda megi menn ætíð búast við að missa topptekjur. Hið einfalda svar við þessu er, að enginn ætlast til þess, að lífskjör almennings rýrni umfram það, er var á hinum tilvitnuðu árum. Viðfangsefnið er það eitt, en því er algjör nauðsyn að ná, að tekjur almennings séu í samræmi við þjóðartekjurnar. Að árunum fram til 1967 fekk almenningur fulla og raunar vaxandi hlutdeild í þjóðartekjum. Einmitt vegna þess, að þá var vel að launþegum búið, laun þeirra uxu, bæði í beinum verðmætum og hlutfalli af þjóðartekjum, þá er óhjákvæmilegt, að þeir lagi sig nú eftir minnkuðum þjóðartekjum, þangað til úr hefur ræzt.

Ymsir hafa gerzt til að rugla um fyrir mönnum í þessum efnum. Þar hafa þeir verið ákafastir, sem minnsta hlutdeild eiga í verkalýðshreyfingunni, og þá einkum Framsóknarmenn og steingerðir línukommar. Flestir hinna ábyrgu verkalýðsforingja hafa aftur á móti, án tillits til flokksstöðu, gert sér ljóst hið sanna samhengi. Í samskiptum þeirra og atvinnurekenda og beggja við ríkisvaldið hefur raunar á ýmsu oltið, enda hafa komið í ljós gallar á vinnulöggjöfinni, er úr þarf að bæta. En hvað sem því líður verður að játa, að bæði í samning s gerð veturinn 1967-68 og einkum á s.l. vori, í maí 1969, þá sýndu foringjar verkalýðshreyfingarinnar lofsverðan skilning á eðli vandans. Samið var um hóflegar uppbótagreiðslur vegna verðhækkaná. Þar á móti voru að vísu áskilin þýðingamikil fríðindi í framtíðinni með loforðum um lífeyrissjóði. Atvinnurekendur tóku þannig á sig byrði, er þeir síðar verða að axla.

Þó að skaplega tækist að lokum, varð það ekki erfiðleikalaust. Ráðstafanirnar í fyrra haust voru að sjálfsögðu ekki vinsælar. Enda reyndi á ákvörðunarþrek, þegar þær voru ákveðnar eftir að slitnaði upp úr viðræðum stjórnmálauflokkanna, og yfir vofðu verkföll, er hófust þegar eftir áramót. Mikla þolinmæði þurfti til að standast þetta þóf, er varð því erfiðara og langvinnara sem hver höndin var á móti annarri innan verkalýðshreyfingarinnar. En þrátt fyrir stóryrði og hótanir, mátti þó verða var skilnings og samningsvilja hjá fleirum en í fljótu bragði hefði mátt ætla. Ríkisstjórnin gekk á það lag, jafnframt því sem hún var ákveðin í að

láta ekki undan síga um meginatriði. Að lokum tókst að návíðtækum samningum, er eftir atvikum voru viðunanlegir og ólíkt heilladrýgri, en ef menn hefðu neyðst til lögfestingar jafnvel þótt efnisákvæðin hefðu orðið svipuð.

Með þeim skerðingum á uppbótum, sem samkomulag varð um í lauansamningunum á s.l. vori, voru sköpuð skilyrði fyrir því, að heilbrigður atvinnurekstur fái hér þrifist og hafin verði ný framfarasókn, landi og lýð til heilla. Því fer þó fjarri, að engar uppbætur eigi að greiða samkv. þessum samningum. Þeim mun hærri uppbætur, sem launþegar fá, því meira hljóta aftur á móti t.d. landbúnaðarvörur að hækka vegna kaupliðarins. Um allt þetta var samið fyrirfram, að svo miklu leyti, sem landslög kváðu ekki skýrt á. Þess vegna er hrein blekking, þegar látið er eins og verðhækkanir á s.l. sumri og undanfarna mánuði hafi komið á óvart og séu ríkisstjórninni að kenna. Samningsaðilar gerðu sér að sjálfsögðu glögga grein fyrir þessu orsakasamhengi.

Þó að öllum væri vitanlegt, að ríkisstjórnin gæti ekki spornað við öllum hækjunum, þá hefur hún gert það hvar sem hún hafði tök á. Má og með fullum rökum segja, að of mikilli

hörku hafi verið beitt gegn verzunarstéttinni í verðlagningarmálum. Hvað sem um það er, þá viðurkenna flestir, að nágildandi skipan þeirra mála fái ekki staðist til lengdar. Nú er fyrir hendi ítarlegt frumvarp um aðra skipan þeirra, og mun af hálfu Sjálfstæðisfloksins verða lögð rík áherzla á, að það fáist afgreitt á þessu alþingi. Þó að þrengja hafi orðið hag verzunarstéttarinnar eins og annarra á meðan menn voru að brjótast út úr erfiðleikunum, þá verður ekki við það unað til lengdar, að hún þurfi að sæta misviturri forsjá af hálfu almannavalds og stéttarfélaga, einmitt í þeim efnum, þar sem frjáls samkeppni jafnan örugglegast metin.

Enginn skyldi samt gleyma því, að einmitt vegna hinna harðhentu ráðstafana, sem beitt hefur verið hin síðustu misseri, þá hefur tekizt að forða því að innleitt yrði á ný alsherjar hafta- og ríkisforsjárkerfi, svipað og hér var sett á stofn á kreppuárunum á fjórða tug aldarinnar og stóð nærrí heilan mannsaldur. Öðru hvoru tókst raunar að lina á framkvæmd þess, en hún var hert aftur, er í móti blés, þangað til í þessu varð alger stefnubreyting á árinu 1960. Það, sem einkum bar í milli í viðræðum stjórnmálauflokkanna á s.l. hausti, var einmitt þetta, hvort tekið skyldi upp ~~þá~~ ^{en} ~~en~~ forsjár- og haftakerfi, e.t.v. undir einhverju nýju ^{en} nafni, eða haldið í meginatriðum því frelsi, sem áunnizt hefur frá árinu 1960. Að mínu viti er það höfuðávinningurinn við þær ráðstafanir, sem valdar voru, og raunar einnig forsenda þess, að þær heppnist, að tekizt hefur að hindra nýja sókn ófrelsisafl-

Lannarlegur

anna í nokkru því, er hefur varanlega þýðingu. Enda þótt verðlagshöftin séu ill, þá eru samt allir, a.m.k. í orði kveðnu, sammála um, að þau megi ekki standa lengur en brýnasta þörf er á. Um hitt er varanlegur ágreiningur, sá, er einna mestu skiptir í íslenzkum stjórnmálum nú, hvort miða eigi að sem mestu frelsi í innflutningi og öðrum athöfnum borgaranna, eða opinberri forsjá og afskiptasemi undir þessu heitinu eða hinu.

Þó að mjög horfi í rétta átt frá því, sem var fyrir nokkrum mánuðum, þá er sá ljóður á, að ekki skuli enn til hlítar hafa tekizt að koma í veg fyrir atvinnuleysi. Nú er það að vísu svo, að fá þjóðfélög eru með öllu laus við atvinnuleysi. Flutningur á milli starfa, árstíðarsveiflur og markaðsbreytingar svo og staðbundnar aðstæður gera að verkum, að þótt skortur sé á vinnuafli sumsstaðar, þá kann að vera atvinnuleysi annarsstaðar, a.m.k. um skeið, í einu og sama þjóðfélagi. Skráningu er einnig misjafnlega hártað, svo og vð hvað er miðað, þegar talað er um, hversu mikill hindraðs hluti sé án atvinnu. Hækkun atvinnuleysisbóta um síðustu áramót ýtti undir skráningu og gerir samanburð við fyrri ár erfiðari. Allt um það er víst, að á þessu ári hefur haldist nokkurt atvinnuleysi, raunar að mestu staðbundið í hinum fjölmennstu byggðarlögum. Hinrar almennu efnahagsráðstafanir, ásamt viðbótar ráðstöfunum, er ríkisvaldið gerði í samráði við verkalýðshreyfinguna og vinnuveitendasamtökin, hafa aftur á móti að mestu eytt atvinnuleysinu víðast hvar á landinu. Á Siglufirði

og í mesta þéttbýlinu, Reykjavík og Akureyri, er ástandið lakast. Atvinnuleysingjahópurinn er raunar ýmislega samsettur, og þar koma margar ástæður til greina, en miklu veldur minnkun byggingarvinnu. Hún stendur aftur í nánu sambandi við hina óviðráðanlegu rýrnun þjóðartekna, en ~~þa~~ gefur auga leið, að menn þurfa að hafa allmiklar tekjur umfram brýnustu lífsnauðsynjar til þess að ráðast í nýbyggingar svo verulegu nemi, þar sem húsnæðis-skortur er þó ekki meiri en hér. Enda hlýtur magn íbúðarbygginga að miðast við húsnæðisþörf en ekki atvinnubætur, nema unnt sé að fullnægja hvortveggju í senn.

Menn horfa fram á komandi veturn með nokkrum ugg, enda er af sumum markvisst unnið að því að auka hann. Sannarlega eru vandamálin þó slík að líta verður þau raunsæum augum, hvorki magna þau né minnka. Nú er lokið fyrsta áfanga hinna miklu framkvæmda við virkjun Þjórsár við Búrfell og byggingu álbraeðslunnar í Straumsvík svo og hafnargerð þar. Að vísu hefur þegar verið samið um örari stækkun álbraeðslunnar en í upphafi var ráðgerð. Þegar af því leiðir þörf á skjótari virkjunarframkvæmdum við Þjórsá. Við þessar framkvæmdir þarf aukið mannafl þegar fram á næsta ár kemur, svo og fá fleiri fasta vinnu við álbraeðsluna. En þessar frambúðar ráðstafanir leysa ekki vanda okkar í veturn. Þá er einnig ljóst, að sáralftil síld-veiði og nánast engin síldarvinnsla í landinu lengst af á sumrinu hefur hlotið að hafa í för með sér mun minni vinnu en ella hefði verið fyrir hendi. Af

þessum sökum hafa verið ákveðnar ýmsar framkvæmdir í húsbýggingum, vegalagningu, skipasmíðum og öðru til að bæta úr ástandinu næstu mánuði. Allt er þetta líklegt til að koma að gagni, ásamt þeim ráðstöfunum, sem atvinnumálanefndir hófu undirbúning að á s.l. vetri. Þó verður aldrei lögð nógsmalleg áherzla á, að úrslitum hlýtur að ráða velgengni atvinnuveganna í heild. Það er hún, sem sker úr.

Þess vegna megum við aldrei láta okkur úr huga falla höfuðlærdóminn af undanförnum erfiðleikum. Hann er sá, að grundvöllur íslenzks atvinnulífs er of veikur og þróngur. Stoðirnar, sem efnahagur og afkoma og þar með atvinna lands-

manna standa á, eru of fáar. Þetta er engin nýjung.

Þegar á fyrstu árum þessa áratugs, þá var það eitt aðal ágreiningsefni milli ríkisstjórnar og stjórnarandstöðu, að hinir síðartöldu ásökuðu stjórnina fyrir að treysta ekki nógum mikið á hina gömlu atvinnuvegi landsmanna og áttu þá einkum við landbúnað og sjávarútveg. Síðar var ég árum saman skammaður fyrir, að mig skorti trú á landið, af því að ég æ ofan í æ brýndi fyrir mönnum, að velmegun okkar stæði of veikum fótum. Eg orðaði það stundum svo, að það ríki væri ekki byggt á nógum föstum grunni, er hefði óveiddan fisk syndandi í sjónum sem aðalundirstöðu. Agreiningurinn um Búrfellsvirkjun, ásamning og kísilgúrvinnslu var einnig fyrst og fremst um þetta. Við, sem börðust um fyrir þessum framkvæmdum, gerðum það af því, að við vorum sannfærðir um að treysta yrði betur öryggi íslenzks efnahags og atvinnu íslenzku þjóðarinnar. Þá var því haldið fram, að við vanteystum hinum "þjóðlögum íslenzku atvinnuvegum" og vildum ofþenslu á vinnumarkaði.

Við svöruðum því til, að því færi fjarri, að við vanteystum þeim atvinnugreinum, sem fyrir væru, en of mikið mætti ekki á þær leggja. Menn yrðu og að átta sig á eðli þeirra, því að þótt þeim vegnaði vel þá um sinn, yrðu menn að vera við því búnir, að óhagstæð sveifla yrði þá og þegar. Enda væri of seint að byrgja brunninn þegar barnið væri dottið ofan í. Sem betur fer urðum við, sem þessu héldum fram, ofan á, bæði um ákvörðun þessara framkvæmda og í kosningunum 1967. Þess vegna

var þjóðin miklu betur viðbúin örðugleikunum en ef farið hefði verið að ráðum stjórnarandstæðinga.

Eða hvernig halda menn, að atvinnuástand hefði verið hér, ef ekki hefði verið samið um Búrfells-virkjun, álbræðslubyggingu og kísilgúrvinnslu á árinu 1966 ?

Með þeim ákvörðunum urðu aldaskil í íslenzkri atvinnusögu. Við, sem beittum okkur fyrir þessum framkvæmdum, þóttumst sjá það þá þegar, En öll síðari reynsla hefur staðfest það miklu betur en okkur gat þá órað fyrir. Nú blandast fáum hugur um það, að velfarnaður þjóðarinnar sé kominn undir hagnýtingu allra auðlinda landsins, og beitingu vísinda og tækni í þeim efnum í mun ríkara mæli en nokkru sinni fyrr. Ekki er nóg að játa þetta í orðum, heldur verða athafnir að fylgja.

Aðrir mér færari munu síðar á þessum Landsfundiræða um þátt íslenzkra vísindamanna í lausn þessa mikla verkefnis, og þá einkum í öflun þeirrar þekkingar, sem ~~hefði~~ er alger forsenda. ^{Fundar framkvæmdar} En þótt hún væri fyrir hendi, skulum við í hreinskilni játa, að okkur skortir styrk í eigin afli til þeirra stórframkvæmda, sem vonandi verður eigi allt of lengi að bíða.

Sumir segja raunar, að við getum komist miklu lengra áleiðis einir, en okkur hafi hingað til tekizt, ef við fullvinnum alla okkar framleiðslu í landinu sjálfu. Vafalaust er marg ^t ógert í þessum efnum. Ríkisstjórnin hefur t. d. á undanförnum mánuðum lagt sig fram um að greiða fyrir aukinni vinnslu skinnavöru í landinu. Svo einföld sem sú framleiðsla og sala hennar virðist vera, hefur

samt þegar komið í ljóst, að engu verulegu verður þar komið áleiðis, nema með náinni samvinnu við erlenda aðila, er bæði leggi til þekkingu og stuðli að markaðsöflun. Slíkt hið sama á við um ýmsa

afurða
aðra fullvinnslu/okkar, einnig sjávarafurða. Skjót-
lega mun einnig sannast, að vegna hærri tolla er-
lendis á full-unninni vörum en lítt unninni, er hin
fullunna ekki eins auðseljanleg og margir ætla.

Við verstu sveiflurnar í efnahagsmálum okkar verð-
ur ekki heldur ráðið með því að treysta enn meira
en áður á það hráefni, sem illilegast hefur brugðist
að undanförnu. Hér þarf því að leita fleiri úrræða.
Sjálfsagðara er þó en svo, að fleiri orðum þurfi
um að fara, að eftir föngum ber að fullvinna í land-
inu alla þá vörum, sem við höfum yfir að ráða. En
það er bara ekki nóg.

Mestu og óforgengilegustu efnislegu verðmæti
Íslendinga eru fólin í áfli vatns og gufu. Pennan afl.
gjafa verður að nýta miklu betur en áður. Hingað
til hefur það dregist um of af því, að við höfum
verið hræddir um, að samvinna við aðra yrði okk-
ur ofvaxin. Ef við látum þann ótta vera okkur
lengur fjötur um fót, fer ekki hjá því, að við drög-
umst aftur úr. Hinir óttaslegnu menn verða að
gera, bæði sjálfum sér og öðrum, grein fyrir,
hverjar ~~hínar~~ óhjákvæmilegu ^E afleiðingar óttans
eru:

Sífelldar sveiflur í lífskjörum og hægari og
minni framfarir til lengdar í okkar landi en öðrum,
sem búsettar eru af þjóðum á svipuðu menningar-
stigi og við.

Ef menn vilja einangrun, þá verða þeir að
taka afleiðingum hennar, og reyna þá hvorki gagn-
vart sjálfum sér né öðrum að hræsna með því, að

þeir séu hinir mestu framfaramenn. Þeir eru þvert á móti menn afturhalds og úrtölu. Einangrunin, sem nærri hafði drepið þjóðina á löngum þungbærum öldum, er þeim runnin svo í merg og bein, að þeir standa uppi sem nátttröll á tímum hinna mestu framfara. Vísindi og tækni nútímans og hagnýting þeirra er bundin þeirri forsendu, að viðtækt samstarf eigi sér stað. Þess vegna leita jafnvel stórbjóðirnar samstarfs við aðra, jafnt stórar þjóðir sem smáar. Ef stórbjóðunum er slíkt þörf, þá er smáþjóðunum það nauðsyn.

Auðvitað verður að hafa gát á.

Gáttir allar áðr gangi fram
of skoðask skyli.

En nú höfum við í mörg ár haft næg tækifæri til þess að kynnast afleiðingum efnahagssamstarfs ýmissa okkar nánustu frænd- og vinaþjóða. Það er Fríverzlunarbandalag Evrópu, EFTA. A meðal þessara þjóða er enginn ágreiningur um, að svo langt sem það nær, hafi það orðið til góðs. Innan EFTA hefur ekki komið fram neinn sá ágalli, er menn hér og annarsstaðar áður óttuðust að leiða kynni af slíkri efnahagssamvinnu margra ólíkra ríkja, misjafnra að auðlegt, mannfjölda og valdi.

EFTA-samstarfið hefur á engan hátt skert sjálfstæði aðildarríkja. Þau hafa eftir sem áður ólíka stefnu og stöðu í alþjóðamálum. Sum eru hlutlaus, Svissland meira að segja í svo ríkum mæli, að það hefur aldrei gengið í samtök Sameinuðu þjóðanna. Enn önnur eru í Atlantshafsbandalaginu. Þessi ólíka staða er glögg sönnun um stjórnmálalegt sjálfstæði hvers ríkis um sig.

Hvergi hefur heldur heyrzt nokkur umkvörtun um yfirlang í fjárhagsefnum, sem annað bandalagsríki hafi beitt innan endimarka hins.

Páverandi forseti Svisslands, sem einmitt var einnig efnahagsmálaráðherra lands síns, sagði eitt sinn, að fyrir Ísland mundi það hyggilegt, miðað við reynslu Sviss, að gerast aðili EFTA, en þó skyldum við ekki halda að þar með væri allur okkar vandi leystur. Norðurlandaríkin í EFTA telja sig hafa haft miklu meiri vinning af EFTA, en þau hafi fyrirfram búist við. Þau ehöfðu árum saman stritast við að koma á hjá sér aukinni efnahagssamvinnu, en mistekist að mestu þangað til EFTA-samstarfið hófst. Höfuðávinninginn segja þau einmitt vera það nána samstarf sín á milli, sem þannig hafi skapast og smá vaxið. Hvorki ásælni annarra né þeirra sjálfra í milli hefur orðið þeim ásteitingarsteinn innan þessara vébanda. A fundum Norðurlandaráðs er það nú ár eftir ár eitt höfuðumræðuefni, að samstarfið innan EFTA hafi orðið öllum löndunum slík lyftistöng, að þar með sé sannað, að enn nánara samstarf hljóti að verða þeim til góðs. Bollaleggingar um enn aukna samvinnu er þeirra mál en ekki okkar, því að fráleitt er að halda, að við getum tekið þátt í nánara samstarfi Norðurlandaríkjanna, Nordek, nema því aðeins að við nálgumst það fyrst með inngöngu í EFTA. Síðan verðum við að láta eigin reynslu skera úr um, hvort við viljum halda lengra til samstarfs eða ekki.

Norðurlandaríkin gera sér það ljóst, að ef

Ísland gerist ekki aðili að EFTA, þá er áframhaldandi samvinna þess við þau t. d. innan Norðurlandaráðs ákaflega haldlítill, þó að hún haggist ekki að nafninu til. Meðal annars þess vegna hafa þau nú samþykkt stofnun hins norræna iðnþróunarsjóðs til þess að auðvelda inngöngu okkar í EFTA, enda er tilvera hans háð slíkri aðild okkar. Með þessu móti yrði mjög létt undir með íslenzkum iðnaði, enda getur hann aldrei orðið sú uppistaða okkar efnahagslífs, sem við þurfum á að halda, ef hann á að vera bundinn við okkar þrónga markað. Ef halda á honum uppi með tollvernd eða innflutningshöftum, hlýtur það að leiða til hækkaðs verðlags, sem legst á útflutningsframleiðsluna og torveldar hana. Möguleikar beggja, sjávarútvegs og iðanaðar, til að veita vaxandi fólksfjölda atvinnu, verða þess vegna mjög skertir. Af þessu leiða því til langframa lakari lífskjör og atvinnuskotur. Auðvitað þarf mikið átak fyrir íslenzkan smáiðnað til að standast erlenda semkeppni jafnt innanlands og utan. En þar birtast glæstir framtíðar-möguleikar í stað kreppu og kyrrstöðu, ef einangrunin er valin. Enda fær íslenzkur iðnaður langan aðlögunartíma auk iðnþróunarsjóðsins til að styrkja samkeppninsstöðu sína. Sjávarútvegurinn mundi aftur á móti þegar í stað njóta hlunndina tollfrelsис af þeim útflutningi, sem EFTA-samningar taka til. Svo mundi landbúnaður og fá greiðari möguleika til sölu á kindakjöti en nú, og varða þessir samningar hann þó minnst af öllum höfuðatvinnuvegunum.

Hér eru vissulega miklir hagsmunir í húfi

og er þess vegna eðlilegt, að samtök þeirra, sem mestan hlut eiga að, láti upp skoðun sína áður en endanleg ákvörðun er tekin.

En eðlilegt er, að almenningur spyrji:

Ef aðrir, þeir, sem okkur eru líkastir, að menningu og efnahag, hafa svo góða reynslu, hví skyldum við þá óttast, að reynsla okkar yrði önnur og lakari ?

Sumir segja, að með þessu móti munum við glata viðskiptamöguleikum við lönd, sem eru utan við EFTA. Sovétmenn hafa miklu nánari efnahags-samvinnu við Finnland en við okkur, og láta sér mun hugaðra um stefnu Finna í heild en okkar. Engu að síður hafa þeir ekkert haft að athuga við aðild Finna, sem raunar er kölluð aukaaðild að EFTA.

Hví skyldu Sovétmenn þá hafa á móti aðild okkar ? Einkum þar sem við höfum í samningaviðræðunum til fulls gert grein fyrir sérákvæðum, er við þurfum á að halda vegna þess að við viljum halda góðum við-skiptum við löndin austan járnþalda, þar með Sovétríkin, og eru allar líkur til, að þetta verði ekki að ásteitiningarsteini, ef önnur atriði hamla ekki.

ENN aðrir segja, að við eignum að leggja með ináherzlu á aukna efnahagssamvinnu við Bandaríkin. Og öðru hvoru heyrast mjög hástemmdar raddir um fjársjóði, sem þar liggi lausir fyrir okkur til ýmiskonar framkvæmda, ef við viljum eftir leita. Allt hvílir þetta tal á misskilningi, svo og að tolla-ívilnanir séu þar fáanlegar fyrir okkur eina. Þær eru þvert á móti torfengnar þegar vegna stöðugrar

áskonar þess mikla ríkjafjölda, er góðs vilja njóta af kaupgetu Bandaríkjanna og mundu telja sig öll eiga rétt til hinna sömu hlunninga og einum væri veitt. Með þessu er engan veginn sagt, að ekki sé unnt eða skynsamlegt að ná samvinnu við Bandaríkjamenn um nytsamar framkvæmdir hér á landi.

En þá verður það að gerast með samvinnu við einkaaðila fyrst og fremst, og á þann veg, að báðir sjái sér hag í.

Samvinna Íslands og Bandaríkjanna innan Atlantshafsbandalagsins og varnarsamningurinn á milli þessara tveggja landa færir Íslendingum engan rétt til fjárhagsaðstoðar af hálfu Bandaríkjanna. Ætlun okkar hefur aldrei verið sú að selja Ísland, eins og auðvirðilegustu andstæðingarnir hafa haft á orði, heldur að tryggja varnir landsins og sjá þannig borgið bæði öryggi þess og þeirri frumskyldu hvers sjálfstæðs ríkis, að landrými þess verði ekki valdatómrúm, hættulegt fyrir næstu nágranna og þar með heimsfriðinn.

Um það verður ekki deilt, að Atlantshafsbandalagið hefur náð þeim höfuðtilgangi sínum, að friða þann hluta heimsins, sem því er ætlað að veita öryggi. Þegar af þeirri ástæðu væri fávíslegt að rjúfa nú þessi samtök og fyrir Ísland eitt að hverfa brott úr þeim. Um hitt má spyrja, hvort ástand í heimsmálum sé nú þeim mun friðvænlegra en fyrr, að óhætt sé að láta Ísland liggja varnarlaust í skjóli þess öryggis, sem ábyrgðaryfirlýsing Atlantshafssáttmálans veitir. Vist vonum við, að friðarhorfur fari batnandi og stöðugt ber að fylgjast með því, hvort atvik hafi breyst svo, að Íslandi sé óhætt að láta varnarliðið hverfa á brott. En ekki tjáir að láta bráðabirgða bata blinda sig fyrir hinu raunverulega ástandi. Innrásin í Tékkó-

slóvakíu og atburðirnir, sem síðar hafa gerzt þar, sanna hvílk hætta það er að njóta ekki varna óáleit-inna bandamanna. Bresnev-kenningin svokallaða, sem felur í sér fullyrðingu um íhlutunarrétt Sovét-manna um öll söcialísk ríki, p.e.a.s. þau, þar sem kommúnistar einu sinni hafa náð völdum, eykur enn hættuna af varnarleysi. Íslenzkir ungkommún-istar segja jafnvel eftir þá yfirlýsingu hiklaust, að þeir stefni að 'sósialiskri þjóðfélagsbyltingu'. Vissulega væri það ábyrgðarlaus leikur að eldi að efna til varnarleysis Islands nú.

Jafn sjálfsagt er, að við leggjum okkar lóð á þá vogarskál, sem stuðlar að bættu samkomulagi og minnkandi spennu í heimsmálum. Þess vegna hefi ég verið því meðmæltur, að haldin yrði ráðstefna til eflingar öryggis Evrópulanda, þegar mál eru svo undirbúin að möguleikar eru á árangri, enda séu öll ríki, sem beina aðild eiga, þ.á.m. öll aðildarríki Atlantshafsbandalagsins, þáttakendur.

Þegar litið er yfir helztu deilumál síðustu ára og áratuga, sést, að Sjálfstæðismenn hafa í megin-atriðum haft rétt fyrir sér.

Aðvaranir okkar gegn hættum af varnarleysi og oftrú á afskiptaleysi þeirra, sem stöðugt bera friðarhjal á vörum, hafa því miður reynst réttar. Enda er enginn efi á, að Atlantshafsbandalagið nýtur nú almennari stuðnings hér en nokkru sinni fyrr.

Sama máli gegrnir um innanlandsmálin. Við Sjálfstæðismenn höfðum oftar og eindregnar en nokkrir aðrir varað við hættunni af of einhæfu at-

vinnulífi. Við höfum einnig manna mest brýnt fyrir almenningi nauðsyn þess, að hefjast handa um stóraukna fjölbreytni þess, áður en verulegur voði stafaði af. Sveiflan niður á við varð stærri og skyndilegri en okkur hafði uggað. Tekjumissirinn varð svo gífurlegur, að ætla hefði mátt, að algert öngþveiti stafaði

af. Vegna viðbúnaðar okkar, þolinmæði, leit að sem víðtækastri lausn, samfara óhvikulum vilja til að velja þær leiðir, er leiddu til áframhaldandi frelsis en höfnun nýrra hafta og endurvakinnaðar ríkisforsjár, eru horfur nú mun betri en búist var við fyrir nokkrum mánuðum.

Við hafum því sannarlega unnið til áframhaldandi trausts þjóðarinnar. En okkur hafði einnig tekist að leysa hin mest aðkallandi viðfangsefni fyrir kosningarnar 1967, og voru þau þáraunar mun auðveldari en hin, er síðar hafa kallað að. Þá höfðum við og nýgert þær ráðstafanir um upphaf stóriðju, sem líklegar voru til að valda aldahörfum. Engu að síður misstum við fylgi í þeim kosningum. Kosningagæfa er ætíð völt og aldrei verður fyrir fram séð hver úrskurður kjósenda verður. Ætíð verður einhver flokkur fyrir vonbrigðum. Við kosningarnar 1963 vann Sjálfstæðisflokkurinn nokkuð á, og þó að hann tapaði hlutfallslega mun meira við kosningarnar 1967, þá var það ekki annað né meira en hent hefur alla flokka hér og í öðrum lýðfrjálsum löndum öðru hverju. Við slíku verða menn að vera búnir. Hvorki má ofmetnast af sigri né æðrast yfir ósigri.

Um orsakir úrslitanna 1967 má margt segja. Allar þvílíkar bollaleggingar hljóta þó að vera byggðar á getgátum. Eðli leynilegra kosninga er einmitt það, að kjósandi á rétt á því að kjósa eins og honum sýnist, án þess að

segja hvað hann gerði og hvaða ástæður voru til.

Enginn efi er samt á því, að sú viðleitni flokksins að bæta úr misrétti og láta ein lög ganga yfir alla, átti þátt í því, að vissir hópar hurfu frá honum.

Slík er mannleg skammsýni eftir leiðréttist iðulega þegar frá líður og menn átta sig á, að öllum er hollast að lúta sömu lögum. Hér kom ekki einnig til, að ýmsir, sem fylgja flokknum að meginstefnu og vilja í raun og veru auka áhrif hans, en eru óánægðir með einstakar framkvæmdir svo sem ætflð hlýtur að verða, ætluðu sér, eins og sumir þeirra berum orðum sögðu, að áminna flokkinn eða refsa honum með því að kjósa einhvern annan. Afleiðing þessa hlýtur að verða sú, að flokkurinn hafi minna afl en áur til að koma fram þeim góðu málum, sem þessi er menn telja einmitt, að ekki hafi verið fylgt nögu fast eftir. Áminningin verður þess vegna óhákvæmilega til þess, að menn refsa sjálfum sér.

Mestu máli skiptir hér sem ella, að menn láti meginatriði ráða, geri greinarmun á þeim og smáatriðum, er oft geta vakið, út af fyrir sig, réttmæta gremju um sinn, en hafa enga eða sáralitla frambúðarþýðingu.

Eðli málsins samkvæmt eru í Sjálfstæðisflokknum meiri frjálshyggjumenn en öðrum flokkum. Þess vegna er hættara við, að þeir haldi fast við sérskoðanir sínar og virði svokölluð flokksbönd minna en aðrir. Að þessu er þeim

mun meiri hætta meðan tíðarandinn er sá, að skamma stjórnmálauflokkja og telja þeim flest til foráttu. Sá hugsunarháttur er nú ærið útbreiddur, ekki sízt á meðal æskulýðs og hvílir þó margt, sem honum er sagt til stuðnings á algerum misskilningi.

T. d. fær það með engu móti staðizt a.m.k. um flokk okkar, að völd í honum hafi komizt á æ færri manna hendur. Hitt er þvert á móti óhagganlegur sannleikur, að formaður og miðstjórn hafa nú miklu minni áhrif á framboð víðsvegar um land en var fyrir kjördæmabreytinguna 1959. Flokkskerfið er orðið ólíkt sterkara, enda eru nú, svo dæmi sé nefnt, ótvírað fyrirmælu um, að flokksráð kveður á um samstjórn með öðrum flokkum, en því réði þingflokkurinn einn áður fyrri.

Allir sækjumst við eftir fylgi æskumanna og teljum það okkur til ágætis að vera vinsælir í þeirra hópi, því að eins og skáldið segir:

Ef æskan vill rétta þér örвandi hönd
þá ertu á framtíðarvegi.

Frá alda öðli hafa ungir menn verið vígreifir og baráttu blaðir. Mikill hluti stjórnmálastarfs er barátta bæði um menn og málefni. En viðleitni valdhafanna, þeirra, sem öðrum fremur bera ábyrgð á velfarnaði lands og þjóðar, verður fyrst og fremst að beinast að lausn vandamála, mála, sem koma til þeirra aðgerða einmitt vegna þess að aðrir hafa ekki getað leyst þau eða a.m.k. ekki gert það. Þá er oft meira í húfi en svo að láta megi barát tugleðina eina ráða og löngun til þess að geta sér orðstír fyrir vígfimi og hörku. Oft

hefur verið sagt, að kjarni lýðræðis sé samkomulag eða afsláttur á alla vegu. Það er rétt, að oft er betri hálfur skaði en allur. Íðulega þarf, að halda á þrotlausri þolinmæði og sveigjanleik til að ná því fram, sem mestu varðar, enda varða leikslok meira en vopnaviðskipti. Sá, sem ekki er reiðubúinn að berjast til úrslita, og, ef á þarf að halda, að standa eða falla með málstað sínum, kemur þó sjaldan miklu fram.

En kjarkur, barát tugleði og bjartsýni duga ekki ein saman. Ef vel á að fara, verður reynsl-

an einnig að koma til. Öll þekking er í raun og veru samanþjöppuð reynsla. Í stjórnálum er ekki hægt að færa reynsluna í form stærðfræðiformúlna eða vísindalegra kennisetninga. Atburðir og atvik stjórnálala eru síbreytileg. Hver einstaklingur verður að afla sér þroska og yfirsýnar með eigin reynslu. Þó getur hann einnig notið gagns af reynslu annarra, ef gát er beitt á báða bóga, og hvorki höfð andlaus eftiröpun né tilætlun um blinda hlýðni. Klofning á milli kynslóða verður að forðast. Olíkir aldursflokkar verða að hafa þolgæði til samtala sín á milli, hafa vit til hæfilegs samráðs og eflingar samhugs öllum til heilla.

Svo hefur lengst af verið innan Sjálfstæðisflokkssins.

Við skulum öll leggja okkur fram um, að sú verði raunin reynslan einnig héðan í frá.

Eðlilegt er, að ungir menn óski eftir endurnýjun á meðal trúnaðarmanna flokkssins. Þar skiptir aldur raunar minnstu máli, því að enginn hvorki ungur né gamall, getur ætlast til þess að skipa trúnaðarsæti, nema hann njóti trausts. En til traustsins verða menn að vinna, jafnt ungir sem gamlir. Traust er hvorki meðskapað né helzt það alla æfi, ef ekki er stöðugt til þess unnið.

Engum er það heldur áskapað að gegna tilteknu embætti. Enda er ekki mikil í þann spundið, sem hefur geð í sér til að sitja í stöðu, sem þeir, er hann settu þangað, telja, að hann eigi nú að hverfa úr. A meðan manni er haldið í trúnaðarsæti á hann rétt á hollustu þeirra, sem hann völdu, og hafa ekki sagt henni upp. En ef þeir eru sann-

færðir um að bezt fari á að breyta til eiga þeir hiklaust að gera það. Til þýðingarmikillá starfa má ekki velja mann eða halda honum þar til að gera honum greiða, heldur af því að hann sé bezt fær um að leysa þann vanda.

Leita verður ráða til að efla traust og tengsl á milli kjósenda og kjörinna fulltrúa þeirra. Enginn efi er á því, að sé hægt að koma á prófko s ningum, þar sem vilji kjósenda fær raunverulega að njóta sín, þá geta þær gert mikið gagn í þessum efnum. Viðfangsefnið er hvort tveggja það, að kjósandinn telji sig ekki einangraðan og hitt að forða fulltrúanum frá raunverulegri eða ímyndaðri einangrun. Lausn þessa verkefnis er þó engan veginn einföld, og frá prófko s ningum var horfið í flokk okkar hér í Reykjavík, vegna þess að fulltrúaráðið taldi, að þær hefðu ekki náð tilætluðum árangri. Spurningin er, hvort unnt er að finna það form, sem tryggi kostina en haldi göllunum í skefjum.

Vissulega er þörf margra umbóta í stjórnarkerfi okkar. Mest er þörfin á því að stöðug og síhvik lífæð sé á milli almennings og stjórnenda. Þar hefur kjördæmaskipun og kosninga-aðferð úrslitabýðingu. Enginn efi er á, að kjördæmaskipun er hér ófullkomin. En með henni hefur samt náðst jafnari kosningaréttur en nokkru sinni fyrr frá því að þéttbýli myndaðist á Íslandi. Því sem áunnist hefur má ekki fórna, heldur einungis umbæta það. Við skulum og minnast þess, að þeim þjóðum hefur vegnað bezt, sem sjaldnast og varlegast breyta sínum stjórnarháttum. Þróun hins lifandi lífs, samsöfnuð reynsla, sem birtist í framkvæmd,

hefur miklu heillavænlegri áhrif heldur en skrifaðar stjórnarskrár, sem breytt er eftir því, sem vindur blæs á fárra ára fresti.

Orðmargir lagabálkar, sem ekki eru í samræmi við þjóðfélagshætti og hugsunahátt fá litlu áorkað. Lagabreytingar og stjórnvaldsákvarðanir fá litlu haggað um mannlegt eðli og þau vandamál, sem því eru nátengdust. Engin ein allsherjarlausn alls vanda hefur enn fundizt. Þvert á móti hafa þeir gert mestan skaða, sem sögðust þess umkomnir að skapa með ríkisvaldinu himnaríki á jörð. Við Sjálfstæðismenn teljum því líka eflingu og forsjá ríkisvalds horfa til hins mesta ófarnaðar.

En við teljum þörf á því að efla stjórnvaldið svo, að það geti sinnt sínum eðlilegum verkefnum.

Um næstu áramót tekur gildi ný löggjöf um Stjórnarráð Íslands, en hingað til hefur sú löggjöf verið mjög í brotum og aldrei verið leitast við að setja hana í heillegt form frá árinu 1904. Að grundvelli þessarar löggjafar þarf að snúa sér að því að setja sérákvæði um einstök ráðuneyti eftir því sem við á þeim til eflingar og möguleika til að sinna sí margbrotnari verkefnum í ört vaxandi þjóðfélagi. Mér sýnist t.d. einsætt að sameina beri nokkrar stofnanir ráðuneytum þeim, sem þær heyra undir, eða a.m.k. að koma þar einfaldari og kostnaðarminni tengslum á milli. Má þar til nefna embætti fræðslumálastjóra og menntamálaráðuneyti, Búnaðarfélag og landbúnaðarráðuneyti, Fiskifélag og sjávarútvegsmálaráðuneyti, Iðnaðarmálastofnun og iðnaðarmálaráðuneyti. Að sjálfsögðu rísa hér sérhagsmunir á móti. En öll er þessi starfræksla kost-

uð af ríkinu eingöngu eða yfirgnæfandi og þess vegna fráleitt að tala um raunverulegt sjálfstæði þessara stofnana. Með ~~þ~~reytingunni yrði þvert á móti forðað frá tvíverknaði, sparað fé og skapað greiðvirkara og úrskurðarbetra stjórnvald.

Hér er svo mörgum verkefnum að sinna, að ýtrrustu hagsýni verður að gæta, ef unnt á að vera að leysa þau svo sem skyldi. Í ræðu minni hefi ég einungis drepið á fá þessara verkefna. Þar kemur fleira en eitt til.

Mér er að nokkru á sama veg farið og manni, sem lent hefur með skip sitt í sjávarháska. A meðan hættan stendur hugsar hann einkum eða eingöngu um að bjarga skipinu en ekki um að prýða það né bæta, þó að hann viti þess þörf þegar betur stendur á. Á sama veg hefur síðustu misserin öllu öðru fremur orðið að hugsa um að bjarga þjóðarfleyinu undan áföllum og reyna að komast í kyrrari sjó.

En þau meginatriði, sem þá varð að hafa í huga og ég hefi einkum rætt um, eru einnig forsenda þess, að önnur aðkallandi verkefni verði leyst. Um ýms þeirra á það og við, að þau valda ekki samskonar skoðana-ágreiningi og sjálf meginatriði. Ut af fyrir sig skiptast Íslendingar ekki í flokka um ólíkar skoðanir á nauðsyn menntunar, heilbrigðis, dómgæzlu, húsnæðis og samgangna svo að nokkur dæmi séu talin. Vegna takmarkaðrar framkvæmdar- getu verður raunar ætíð matsatriði hvað forgang skuli hafa. Um það sýnist sitt hverjum, svo og um margháttuð ~~frankvæmdar~~ ^{lunni komulæss} að meginatriði, en þær deilur heyra til dægurmála.

Mestu máli skiptir, að við slökum aldrei á þeirri kröfu, að við viljum vera og eiga skilið að vera í hópi fremstu menningarþjóða heims. Slíkt næst ekki nema til þess sé unnið. En á erfiðum öldum þegar fátækt og umkomuleysi þjóðarinnar var mest, var almenningur hér betur menntaður en annarsstaðar fara sögur af, enda hélt tryggð hans við forna menningu þjóðarinnar lífinu í henni. Þá líftaug megum við aldrei láta slitna, jafnframt því, sem við verðum að vaxa að mennt og þroska með nýjum og vonandi betri tínum.

Miðað við þjóðarsöguna er flokkur okkar, sem varð fertugur hinn 29. maí s.l., ungar að árum. En engin fjörutíu ár hafa verið atburðaríkari í sögu Íslands. Að sjálfsögðu hefur sumt mistekizt á þessu árabili en miklu fleira ^{hveraræst} mun betur en björtustu vonir stóðu til. Hvorki nú né fyrr hefur neinn einn flokkur verið alvitur eða óskeikull.

En okkur Sjálfstæðismönnum er títt að vitna til reynslu liðinna ára af því að hún er ólygnasti og öruggasti leiðbeinandinn á óséðri framtíðarbraut. Reynslan segir, að á þessu fjörutíu ára bili hafi bezt tekizt, þegar eindregnast var fylgt hinni gagnorðu stofnstefnuskrá flokks okkar um frelsi og sjálfstæði þjóðar jafnt og einstaklinga með hagsmuni allra stétta fyrir augum. Hvorki hin íslenzka þjóð né einstakir Íslendingar fá haldið frelsi sínu og sjálfstæði nema allsherjar-hagsmunu sé gætt. En frelsi og sjálfstæði er sá aflvaki, sem Íslendingum hefur bezt dugað. Ef við sjálf dugum þeirri háleitu hugsjón mun Íslandi vel vegna, bæði í bráð og lengd.